

Akureyri, 22. mars 2002

Menntamálanefnd,  
Iðnaðarnefnd og  
Allsherjarnefnd Alþingis  
150 Reykjavík

Vísað er í bréf Alþingis, dags. 6. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um þrjú frumvörp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins og Vísinda- og tækniráð. Umsögn Háskólans á Akureyri fer hér á eftir:

Þegar á heildina er litið eru frumvörpin hnitmiðuð og markviss og því eru hér ekki gerðar margar athugasemdir við þau. Þegar um svona viðamiklar breytingar á rannsóknnaumhverfinu er að ræða er þó einkennilegt að ekki skuli vera sett fram áætlun um auknar fjárveitingar til þessa mikilvæga málaflokks.

Markmið þessara lagafrumvarpa er að: 1) efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu, 2) styðja við grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og jafnframt stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum, 3) efla samkeppnishæfni íslensk atvinnulífs. Stýring á vísinda og tæknimálum er færð á efsta stig stjórnsýslu með þessum frumvörpum. Í frumvörpunum felst ákveðin viðurkenning á þeirri staðreynd að mörkin á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna eru æ óskýrari og því gæti það reynst farsælt að yfirsýn sé höfð með stofnun Vísinda- og tækniráðs.

Þegar á heildina er litið, þá er hér um að ræða samspil þriggja frumvarpa sem gera eina heild. Stór þáttur í þessum frumvörpum er að auka samspil nýsköpunarstarfsemi atvinnulífsins og rannsóknasamfélagsins. Hér er átt við aukið samspil Nýsköpunarmiðstöðvar og Þjónustumiðstöðvar vísindarannsókna þar sem þau heyrja bæði undir Vísinda- og tækniráð í gegnum ráðuneyti iðnaðar og menntamála. Samspil vísinda og tækninefnda er einnig mikilvægt í þessu samhengi. Auk þess er það markmið að stefnumótun verði ekki í höndum þjónustumiðstöðvar né nýsköpunarmiðstöðvar heldur í höndum Vísinda- og tækniráðs undir forustu fjögurra ráðherra. Þannig er hægt að tengja stefnu ríkisstjórnar við stefnu Vísinda- og tækniráðs. Ekki er þó tryggt að stefna ríkisstjórnar sé endilega sú sama og háskólanna, og mætti ímynda sér að fjölmargar akademískar grunnrannsóknir eigi ekki upp á pallborðið hjá stjórnvöldum á hverjum tíma. Hættan sem hér skapast er að ýmsar grunnrannsóknir geta fallið utan áhugasviðs stjórnvalda. Aðild samstarfsnefndar háskólastigsins að Vísinda- og tækniráði gefur þó málsvörum grunnrannsókna beina aðkomu að stefnumótun á þessu sviði.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir auknu fjármagni til vísindarannsókna. Ein helsta gagnrýni vísindamanna við Háskólann á Akureyri hefur undanfarið verið sú að sjóðir Rannís hafa verið magrir og fáir styrkir veittir. Það væri hyggilegt að auka

fjárveitingar til þessa málaflokks samfara nýjum stjórnunarháttum. Auk þess má geta þess að kostnaður við mat á umsóknum og störf Rannsóknasjóðs, Tækjasjóðs og Rannsóknánámssjóðs verður greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna. Það er ljóst að hingað til hefur kostnaður við mat umsókna og rekstur Rannís verið umtalsverður og rýrt ráðstöfunarfé sjóðanna nokkuð. Því mætti ætla tvær aðgreindar fjárveitingar væru ráðlegar til þessara málaflokka svo hægt væri að tryggja að kostnaður við mat og umsýslu umsókna taki sem minnst af ráðstöfunarfé sjóðanna.


Það er jákvætt að mörkin á milli Vísindasjóðs og Tæknisjóðs skuli verða afmáð með stofnun Rannsóknasjóðs. Þessi mörk hafa sennilega hindrað eðlilegan samanburð umsókna vegna breytilegs uppruna þeirra eins og fram kemur í umfjöllun um frumvarpið.

Rannsóknánámssjóður mun eftirleiðis aðeins styrkja rannsóknatengt framhaldsnám til meistara- eða doktorsgráðu við íslenska háskóla. Þetta er jákvætt fyrir íslenska háskóla þar sem hæfari nemendur sækja þangað en gæti þó hindrað íslenska nemendur frá því að sækja nám við þá háskóla þeir hefðu helst kosið, t.d. erlenda háskóla. Það er hins vegar gert ráð fyrir því að nemendur geti tekið hluta af námi sínu erlendis. Þessi nýlunda tryggir að nemendur fjalli um íslensk viðfangsefni í sínum rannsóknum og auki á fjölbreytni í rannsóknasamfélaginu.

Í tillögu til þingsályktunar í byggðamálum er gert ráð fyrir að nýsköpunarmiðstöð, sbr. frumvarp til laga um opinberan stuðing við tækniþróun og nýsköpun, verði komið fyrir í fyrirhuguðu rannsókn- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri. Þessi fyrirheit eru fagnaðarefni og munu m.a. hafa þau áhrif að jafna tækifæra landsbyggðarinnar og höfuðborgasvæðisins varðandi aðgang að stoðkerfi rannsóknastarfseminnar.

Háskólinn á Akureyri mælir með að Alþingi samþykki ofangreind frumvörp.

Virðingarfyllst,

  
Þorsteinn Gunnarsson, rektor